

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl, samningu innherjaskráar, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 29e (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„29f. **32004 L 0072**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl, samningu innherjaskráar, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti (Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/72/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann